


Gengið fest og horfur á minni verðbólgu

22/12 2020


Krónukaup Seðlabankans voru rúm 40% af gjaldeyrisviðskiptum í nóvember (sjá töflu á blaðsíðunni á eftir). Undir lok mánaðarins tók gengi krónunnar að hækka og það styrktist áfram fyrstu dagana í desember. Undanfarin ár hafa inngríp bankans miðað að því að draga úr sveiflum í genginu. Árin 2015 og 2016 nam sala bankans á krónum meira en helmingi af gjaldeyrisveltunni.



Gjaldeyrissjóðurinn sem varð þá til dugar vel til þess að verja gengið meðan farsóttin geisar. Segja má að peningastefnan vísi um þessar mundir í tvær áttir. Seðlabankinn ver annars vegar stórfé til þess að styðja við krónuna en á hinn bóginn hafa vextir lækkað mikið, þannig að Ísland getur ekki lengur kallast hávaxtaland. Hér er gert ráð fyrir að genginu verði haldið föstu fram á vor gagnvart viðskiptamyntum, en það ráðist á markaði eftir að landið opnast í júní.

Krónan styrkist að öllum líkindum þegar ferðamenn taka aftur að streyma hingað. Þá aukast umsvif í landinu og gjaldeyristekjur vaxa.

Reiknað er með að meginvextir seðlabanka verði hækkaðir úr 0,75% í 2% til þess að sporna við þenslunni sem þá blasir við. Það styður líka við krónuna um sinn.



Engin ástæða er til þess að ætla annað en að atvinnuleysi falli hratt eftir að landið opnast alveg fyrir ferðamönnum í sumar. Margir eru orðnir óþreyjufullir eftir að komast til annarra landa. Það á ekki síður við um fólk í útlöndum en Íslendinga. Á seinni hluta komandi árs fellur atvinnuleysi að þeim mörkum sem samræmast stöðugri verðbólgu. Efnahagsvandinn breytist úr baráttu við atvinnuleysi í baráttu við þenslu.

Íbúðaverð hefur hækkað hraðar en annað verðlag að undanfögnu, þrátt fyrir kreppuna, og gert er ráð fyrir að það taki aftur við sér eftir að landið opnast í sumar. Auðsáhrif vegna herra eignaverðs toga upp neyslu og verðlag þegar líða tekur á árið. Þá þrýstir hátt verðlag miðað við önnur lönd krónunni niður á við. Búist er við að krónan taki að veikjast hægt næsta haust og launahækkanir og verðbólga fari vaxandi. Alls hækki verðlag um rúm 2% á komandi ári (frá janúar til janúar) og laun um liðlega 3%.

Gildi spástærðanna, mánuð fyrir mánuð, má finna í öðru skjali á heimasíðunni.

Gjaldeyrismarkaður								
Mánaðarleg velta				Meðalgengi				
	Velta í milljónum evra	Velta í milljónum króna	Þar af viðskipti Seðla-banka í milljónum króna	Hrein kaup Seðla-banka, milljónir króna	krónur/evru	Gengis-visitala	Hluttur Seðla-banka af veltu	
nóv. 2020	201,0	32.546	14.111	-14.111	161,90	209,1	43%	
okt. 2020	355,0	58.315	38.284	-38.284	163,66	210,7	66%	
sep. 2020	315,0	51.170	24.843	-24.843	162,69	209,5	49%	
ágú. 2020	200,0	32.509	15.608	-15.608	161,75	208,5	48%	
júl. 2020	141,0	22.386	4.310	-4.310	158,42	205,5	19%	
jún. 2020	277,0	42.332	11.935	813	152,77	198,9	28%	
maí. 2020	123,0	18.981	2.722	2.722	156,69	205,4	14%	
apr. 2020	125,5	19.722	7.169	-7.169	156,98	205,4	36%	
mar. 2020	391,5	58.111	10.177	-10.177	148,95	193,7	18%	
feb. 2020	76,0	10.502	0	0	138,24	183,8	0%	
jan. 2020	111,0	15.178	0	0	137,07	181,7	0%	
des. 2019	116,0	15.708	0	0	135,63	179,5	0%	
nóv. 2019	100,0	13.554	0	0	136,63	180,6	0%	
okt. 2019	69,0	9.503	0	0	137,71	181,5	0%	
sep. 2019	118,0	16.167	2.037	2.037	137,62	181,5	13%	
ágú. 2019	103,0	14.189	0	0	137,67	180,5	0%	

Heimild: Seðlabanki Íslands, eigin útreikningar.